

VIÐTAL VIÐ RAGNAR HAFLIÐASON, AÐSTOÐARFORSTJÓRA FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS:

# Basel II lögfest á Íslandi

– ÁHÆTTAN ER LYKILLINN AÐ VERÐLAGNINGU

UNDANFARIN ÁR HEFUR FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ VERIÐ ÖNNUM KAFIÐ VIÐ AÐ UNDIRBÚA INNLEIÐINGU Á Breyttum lögum um fjármála-  
fyrirtæki og nýjum reglum um eiginfjárkröfu og áhættugrunn fjármála-  
fyrirtækja. Þó svo það séu aðeins eftirlitsskyld  
fjármála-  
fyrirtæki sem starfa undir þessum lögum og reglum þá munu þau hafa víðtæk áhrif því verðlagning áhættu  
fjármála-  
fyrirtækjanna byggist að stórum hluta á þessum reglum. Þær munu því hafa þeim áhrif á verðlagningu lána-  
samninga, afleiðusamninga, ábyrgða og annarra slíkra samninga sem fela í sér áhættu. Stutt samantekt um Basel II var  
M.A. BIRT Í TÍMARITINU FJÁRSTÝRING, 2 TBL. 2004.

**N**ú eru þessar reglur að ganga í gildi og Fjárstýring tók því hús á Ragnari Hafliðasyni, aðstoðarforstjóra Fjármálaeftirlitsins, og forvitnaðist lítillega um þessar reglur, innleiðingu þeirra og áhrif á fjármála-  
fyrirtæki og viðskiptavinum þeirra.

## Hvernig hefur þessi vinna gengið?

Þetta er búin að vera mikil vinna og taka langan tíma hjá okkur og fjármála-  
fyrirtækjunum en það fer þó að styttest í að við sjáum fyrir endann á setningu helstu reglna og leiðbeinandi tilmæla í þessu sambandi. Frumvarp um breytingu á lögum um fjármála-  
fyrirtæki var samþykkt 9. desember síðastliðinn á Alþingi og reglurnar sjálfar um eiginfjárkröfu og áhættugrunn fjármála-  
fyrirtækja verða væntanlega tilbúnar á næstu vikum. Jafnframt var aukið við heimildir FME (Fjármálaeftirlitsins) til að fylgja eftir að eigið fé fjármála-  
fyrirtækja væri í samræmi við áhættusamsetningu. Það liggur fyrir að flest stærri fjármála-  
fyrirtækin stefna á að fara að vinna eftir þessum nýju reglum á öðrum ársfjórðungi þessa árs en þau minni munu nýta sér lögbundinn frest og byrja ekki fyrir en í ársbyrjun 2008.

## Hver er uppruni þessara reglna?

Hugmyndin á bak við þessar reglur er að lögbinda ákveðið lágmark eigin fjár-  
fjármála-  
fyrirtækja þannig að þau geti þolað talsverð fjárhagsleg áföll án þess að þau lendi í greiðsluþroti. Þessar reglur eru byggðar á alþjóðlegum staðli frá Basel-  
nefndinni um bankaeftirlit, svonefndum Basel II staðli, sem gefinn var út í júní 2004 og uppfærður í nóvember 2005. Hann kemur í stað eldri staðals um eigið fé alþjóðlegra fjármála-  
fyrirtækja, sem að stofni til er frá 1988 og fjármála-  
fyrirtækin hafa unnið eftir.

## Hver er meginmunur á Basel II og Basel I reglunum?

Meginmunurinn og í sjálfu sér markmiðið með breytingunum er einkum að ákvörðun um lágmark eigin fjár-  
fjármála-  
fyrirtækja verði byggð á nákvæmari viðmiðum en hingað til, þannig að fyrirtæki sem hafa góða stjórn á áhættum sínum geti notið þess við útreikning á eiginfjárkröfunni. Þetta er gert með tvennum hætti, annarsvegar að meginreglur eru ítarlegri en áður og hinsvegar að stór fjármála-  
fyrirtæki með

öflugt skipulag geta fengið að byggja eigin-  
fjárkröfuna á eigin áhættumati að hluta.

## Hvert er inntak þessara nýju Basel II reglna?

Í grunninn gengur þetta út á áhættu-  
nálgunina þar sem reynt er að mæla hverjar áhættur eru og hvaða eigið fé er talið nauðsynlegt til að mæta þeim. Basel II reglurnar um eigið fé fjármála-  
fyrirtækja eru í þremur hlutum, svonefndum stöðum eftir enskum heitum þeirra, Pillar I, II og III.

Í stuttu máli byggir fyrsta stöðin, stoð 1 á samræmdum reglum og lágmarks eiginfjárþörf. Staðlaðar reglur ná hins vegar ekki yfir allar hliðar þeirra áhætta sem felast í starfsemi fjármála-  
fyrirtækja. Eiginfjárfrafa byggir á heildar áhættumynd fjármála-  
fyrirtækisins og þ.a.l. þarf matið að vera víðtækara en svo að einungis skilyrði fyrstu stoðarinnar séu uppfyllt. Jafnframt er ætlast til að fjármála-  
fyrirtæki starfi með lágmarks eigið fé umfram kröfu fyrstu stoðarinnar.

Fjármála-  
fyrirtæki munu framvegis geta valið á milli ýmissa aðferða við uppgjör á eiginfjárkröfum vegna lánaáhættu. Annaðhvort verður unnt að velja tiltölulega einfalda aðferð (sem kallast staðlaða



Ragnar Hafliðason,  
aðstoðarforstjóri  
Fjármálaeftirlitsins.

aðferðin) eða þá að velja aðra tveggja flóknari aðferða sem m.a. byggjast á eigin útreikningi fyrirtækja á lánaáhættu (sem kallast innramatsaðferðir). Notkun innramatsaðferða er háð heimild frá Fjármálaeftirlitinu sem jafnframt mun hafa reglulegt eftirlit með því hvort aðferðirnar sem beitt er standist ýmsar kröfur sem gerðar eru. Staðlaða aðferðin minnir á þá aðferð sem nú er notuð til að reikna út eiginfjárkröfu.

Eiginfjárreglunum er jafnframt breytt þannig að þær feli í sér mat á nýrri tegund af áhættu. Um er að ræða svokallaða rekstraráhættu. Með rekstraráhættu er átt við áhættu á tapi sem afleiðingu óhagstæðra eða ófullkominna innri starfshátta, mannglegra mistaka og kerfisbundinna galla eða áhættu á tapi sem stafar af ytri atburðum, þar með talinni lagalegri áhættu og orðsporsáhættu. Fjármálafyrirtæki geta valið milli þriggja mismunandi flókanna aðferða til að mæla rekstraráhættu.

Markmið með annarri stoðinni, stoð 2 er að styrkja tengslin milli mats fjármálafyrirtækisins á áhættum tengdum starfsemi þess, áhættustjórnunar og þeirra kerfa sem notuð eru til að draga

úr áhættu og eiginfjárgrunns. Það er hlutverk eftirlitsaðila að kanna og meta innra matsferli fjármálafyrirtækisins fyrir eiginfjárbörf (ICAAP – Internal Capital Adequacy Assessment Process) og traustleika innri stjórnunarferla þar sem ICAAP er notað. Það er hins vegar á ábyrgð fjármálafyrirtækjanna að koma á fót þessu matsferli. Í því skyni má taka tillit til stærðar, mikilvægis og margbreytileika fjármálafyrirtækisins.

Markmiðið með eftirlitsferlunum (SRP - Supervisory Review Process) er að tryggja að fjármálafyrirtæki hafi nægilegt eigið fé til að styðja við og mæta öllum mikilvægum áhættum sem felast í starfseminni. Fjórar grundvallarreglur styðja við þetta mat:

Það eiga að vera til staðar kerfi innan fjármálafyrirtækjanna til að meta heildar eiginfjárbörf í samræmi við áhættumat og stefna til að tryggja lágmarks eigið fé.

Eftirlitsaðilar eiga að kanna og meta innra mat fjármálafyrirtækisins á eiginfjárbörf auk innri ferla og hæfni þeirra til að fylgja eftir eigin kröfum um eiginfjárbörf. Eftirlitsaðilum ber að grípa til aðgerða ef þeir eru ekki sáttir við niðurstöðurnar.

Eftirlitsaðilar geta vænst þess að eigið fé fjármálafyrirtækis sé umfram lágmark og geta krafist þess að það sé umfram lágmarkskröfu.

Eftirlitsaðilar eiga að grípa tímanlega til aðgerða til að koma í veg fyrir að eigið fé fari niður fyrir lágmarkskröfu.

Stjórn fjármálafyrirtækis ber frumábyrgð á að ferlar og nægilegt eigið fé sé til staðar. Stjórnin setur viðskiptamarkmið, áhættuviðmið, ákveður skipulag, dreifir ábyrgð og heimildum, ákveður boðleiðir og hvaða upplýsingum ber að safna og dreifa auk þess að skipuleggja innra eftirlit.

Þriðja stoðin, stoð 3, um markaðsaðhald (Market Discipline) gerir kröfur um aukna upplýsingagjöf af hálfu fjármálafyrirtækja til markaðsaðila um áhættur í starfseminni, áhættustýringu og eiginfjárstöðu. Tilgangurinn er að fjárfestar og aðrir markaðsaðilar séu betur í stakk búnir að meta áhættur viðkomandi fjármálafyrirtækis.

*Hvaða aðferð munu íslensk fjármálafyrirtæki velja sér í stoð 1?*

Innramatsaðferðin við mat á lánaáhættu hentar ekki nema stærstu bönkum vegna

kostnaðar við innleiðingu en á móti kemur að ávinningurinn getur orðið talsverður ef vel tekst til vegna lægri eiginfjárkröfu. Það liggur fyrir að tveir af þremur stóru bönkunum hafa sótt um að beita þeirri aðferð en önnur fjármálafyrirtæki munu taka upp stöðluðu aðferðina.

Það að taka upp innramatsaðferðina við mat á lánaáhættu er mun umfangsmeira verkefni en stöðluðu aðferðina. Þau fjármálafyrirtæki sem taka upp innramatsaðferðina þurfa að sýna fram á að kerfi þeirra uppfylli kröfur eftirlitsaðilans, þ.e. FME. Þegar um fjármálafyrirtæki er að ræða sem á dótturfélög í öðrum löndum er það eftirlitsaðilinn í heimaríki móðurfélagsins sem ber ábyrgð á samstæðugrunni. Slíkt krefst samstarfs við eftirlitsaðila í viðkomandi löndum en þetta verkefni er því gott dæmi um hið alþjóðlega umhverfi sem FME starfar í. Þetta samþykkisferli er í gangi gagnvart þessum tveimur bönkunum hjá FME.

#### Í hverju felst innleiðingin?

Innleiðingin felst í að innleiða ákvæði tilskipananna í lög og reglur í viðkomandi ríkjum. Auk tilskipananna er um að ræða nánari túlkanir og leiðbeiningar sem gefnar hafa verið út af svonefndri CEBS nefnd (Committee of European Banking Supervisors) sem er ráðgjafarnefnd fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um eftirlit á lánamarkaði. Hliðstæðar nefndir eru á verðbréfasviði og váttryggingasviði og er lögð áhersla á samstarf á milli þeirra. CEBS nefndinni var falið að gefa út ýmsar leiðbeiningar, sérstaklega varðandi stoð 2. Innleiðingin felst í því að koma þessum leiðbeiningum á framfæri í hverju ríki innan EES og fylgja því eftir að fjármálafyrirtækin fari eftir þeim, bæði fyrir móðurfyrirtæki og samstæðu.

Þó svo mikil vinna og tími hafi farið í þetta verkefni þá er því langt frá því lokið. Eftir að búið er að setja ákvæði tilskipananna í lög og reglur þá hefst eftirfylgni við að eftir þeim sér farið og má segja að við séum rétt að hefja það ferli nú sem stendur. Framundan er mikið verkefni í að samræma og stilla af einstaka liði, hér heima sem og á alþjóðlegum markaði. Mikil áhersla er lögð á það innan EES að sem mestrar samræmingar sé gætt milli einstakra ríkja. Samt sem áður er víða að finna sveigjanleika í framkvæmdinni sem getur kallað á misræmi, sérstaklega á það við í stoð 2 sem byggist í nokkrum mæli á leiðbeiningum (guidelines) sem eru hvorki lagalega bindandi né útfærð í

smáatriðum. Við það skapast svigrúm til túlkunar á mismunandi hátt sem er í raun í mótsögn við það samræmi sem annars er almennt lögð áhersla á í innleiðingu eiginfjárreglnanna.

Hjá þeim nefndum sem að þessu koma innan EES verður mikil áhersla lögð á það á næstunni að fylgjast með að þetta verði gert með samræmdum hætti. Sem dæmi um það má nefna að á vegum vinnuhóps innan CEBS verður á næstunni fylgst náið með úrtaki 10 stórra Evrópskra bankasamsteypa, sem ná yfir landamæri. Tilgangurinn er að gera úttekt á því hvornig eiginfjárreglunum verður beitt af viðkomandi bankasamsteypum og eftirlitsaðilum heimaríkja, sem bera ábyrgð á samstæðueftirliti, og bera niðurstöðurnar saman og koma með tillögur um leiðir til að stuðla að sem mestu samræmi og tryggja að reglurnar skapi ekki ójöfn samkeppnisskilyrði.

#### Gilda sömu reglur um fjármálafyrirtæki óháð stærð?

Vissulega skiptir stærð máli þó svo almennt séu reglurnar settar fram óháð stærð. Meðalhófsreglan kemur víða fyrir þó svo stærðarmat geti verið mismunandi eftir ríkjum. Við sjáum það í hendi okkar að ekki er hægt að gera sömu kröfur til smærri fjármálafyrirtækja hér heima eins og til þeirra stærri s.s. að ekki er hægt að ætlast til að minnstu fjármálafyrirtæki komi sér upp sérstakri áhættustýringu, innri endurskoðun, regluvörslu (compliance) o.s.frv. á sama hátt og viðskiptabankarnir. Jafnframt hafa þessi fjármálafyrirtæki ekki sömu áhættu í för með sér fyrir fjármálakerfið og þau stóru. Við munum líka hlusta eftir þeirra viðhorfum í þessum efnum.

Í Evrópu eru ekki nema 40 -50 stórar bankasamsteypur sem fara með yfir 60 – 70 % af eignum bankakerfisins en heildarfjöldi banka innan EES er yfir 10.000. Regluverkið er samt látið gilda um allar lánastofnanir og einnig verðbréfafyrirtæki en hugmyndin með Basel reglunum var að fyrst og fremst alþjóðlegu stórbankarnir ættu að spila eftir sömu reglum varðandi eiginfjárkröfur. Evrópusambandið valdi síðan að láta þessar reglur gilda um öll fjármálafyrirtæki innan Evrópu. Fyrirhöfnin er því mun meiri fyrir viðkomandi aðila en mjög líklega hefur það haft mikið að segja hversu ólík uppbygging fjármálakerfisins er innan Evrópu, t.d. í Þýskalandi, þar sem mikið er af smáum lánastofnunum, og í Frakklandi

þar sem um stóra alþjóðlega banka er að ræða. Mögulega hefði mátt greina betur á milli og hafa aðrar reglur fyrir smærri fjármálafyrirtæki.

Í Bandaríkjunum eru þessar reglur t.d. ekki innleiddar nema gagnvart stærstu bönkunum en önnur fjármálafyrirtæki vinna eftir lítillaga breyttum Basel I reglum. Það getur líka skapað þeim visst óhagræði af því að ná ekki að innleiða Basel II og nýta sér þá kosti sem þær bjóða sem leiðir til lægri eiginfjárkröfu. Það getur verið verulegur munur og dæmi um mælingar sem gerðar hafa verið á undirbúningstímanum hafa sýnt fram á að þeir sem taka upp svokallaða þróaða (advanced) innramatsaðferð við mat á lánaáhættu geti allt að tvöfaldað áhættu-umfangið miðað við sama eigið fé eftir breytingar.

#### Er búið að semja allar reglur?

Sjálf drögin að reglunum eru uppá einar 30-40 bls. en mikið er af tilvísunum í viðauka með tilskipunum, þannig að þetta er öllu víðameira en lítur út við fyrstu sýn og telur sjálfsagt nokkur hundruð blaðsíður þegar allt er upp talið. Í byrjun a.m.k. verða þessar tilvísanir í viðauka tilskipananna á ensku enda var ómögulegt að þýða þá yfir á íslensku vegna umfangs þeirra og skamms tíma. Tilvísunin í enska útgáfu viðaukanna við formlega innleiðingu reglnanna hér á landi er byggð á heimild í ákvæði til bráðabirgða með lögnum frá 9. desember 2006.

Fjármálafyrirtæki hafa haft drögin til umsagnar og er nú unnið úr athugasemdum sem borist hafa og ennfremur er verið að fara yfir og taka afstöðu til ýmissa valákvæða sem tilskipanirnar bjóða uppá vegna mismunandi aðstæðna einstakra aðildarríkja. Þó reynt hafi verið að halda þessum valákvæðum í lágmarki innan EES þá telja þau samt nálægt 120 og því mikið verkefni að ná góðri samræmingu varðandi þá þætti. Við vonumst til að reglurnar verði gefnar út á allra næstu vikum. Þá verða í framhaldinu gefin út leiðbeinandi tilmæli um ýmsa þætti sem snerta eiginfjárreglurnar, sérstaklega stoð 2, með hliðsjón af leiðbeiningum (Guidelines) sem CEBS nefndin hefur gefið út.

Síðar mun Fjármálaeftirlitið huga að setningu reglna um þá þætti sem snúa að stoð 3 hluta eiginfjárreglnanna, þ.e. upplýsingagjöf fjármálafyrirtækja um áhættu, áhættustýringu og eiginfjárkröfur.

*Hvernig verður síðan eftirfylgninni háttað?*

Fjármálafyrirtæki þurfa að skila inn skýrslum samkvæmt þeim fyrirmælum sem fram koma í lögum og reglum. Þar verður byggt á samræmdu skýrsluformi, sem unnið hefur verið að á vegum CEBS nefndarinnar, og nær fyrst og fremst yfir útreikning á eiginfjárkröfu samkvæmt stoð 1. Þannig munum við fylgja eftir að viðkomandi fari eftir þeim hluta reglnanna og sé yfir 8% lágmarkinu. Fjármálafyrirtækin munu ennfremur þurfa að skila skýrslum um þætti sem snúa að stoð 2, þ.e. um innri stjórnarhætti og um innra mat fjármálafyrirtækja á eiginfjárförf (ICAAP) þar sem hvert og eitt fjármálafyrirtæki á að meta og greina þær áhættur sem það er í eða er útsett fyrir og meta hvaða eigið fé sé nauðsynlegt að þeirra mati sem lágmark til að mæta þeim áhættum. Þessu er lýst í Umræðuskjali nr. 4/2006 sem hægt er að nálgast á heimasíðu FME ásamt öðrum umræðuskjölum, lögum, reglum og leiðbeinandi tilmælum. Þá mun Fjármálaeftirlitið þróa eigið áhættumatskerfi (Risk Assessment System) fyrir fjármálafyrirtæki sem uppfylla þarf kröfur sem lýst er í leiðbeiningum frá CEBS, samanber sama umræðuskjal.

Gagnaskil vegna nýrra eiginfjárreglna fara saman við verkefni sem nú er unnið að hjá Fjármálaeftirlitinu og varðar rafræn skýrsluskil. Frá ársbyrjun þessa árs mun öllum skýrslum til FME verða skilað á rafrænu formi inn á sérstakan vef eftirlitsins. Þessu nýja fyrirkomulagi er ætlað að tryggja öruggan flutning gagna yfir netið og um leið aðgengilegri og auðveldari skýrsluskil. Þetta nýja fyrirkomulag flýttir einnig fyrir úrvinnslu gagnanna.

Áhættuþættir stoðar 2 kunna þannig að hafa í för með sér viðbótar eiginfjárkröfu. Dæmi um það eru áhættuþættir s.s. samþjöppunaráhætta (concentration risk), álagspróf á hina ýmsu áhættuþætti sem ætlast er til að fjármálafyrirtæki geti staðist og fastvaxtaáhætta í lánabók s.s. íbúðalán á föstum vöxtum sem ekki eru fjármögnuð með samsvarandi vaxtabindingu. Við þurfum síðan að vinna að að nánari útfærslu á þessum þáttum gagnvart fjármálafyrirtækjum og innihaldi þeirra skýrslna sem á að skila til FME m.a. um eigið mat fjármálafyrirtækjanna á lágmarks eiginfjárkröfu.

Fyrstu skýrsluskilin verða ekki fyrr en miðað við lok fyrsta ársfjórðungs sem er í takt við það sem gerist í nágrannaríkjunum. Hér verður einnig að hafa í huga að

reglurnar frá Evrópuþinginu voru ekki samþykktar fyrr en í júní í fyrra og að hér er um mjög yfirgripsmikla vinnu að ræða og heildarpakkinn sjálfsagt yfir 400 blaðsíður. Síðan á eftir að koma í ljós hvernig til hefur tekist og mögulega þarf að slípa þetta eitt-hvað til þegar fram líða stundir.

*Munu þessar breytingar hafa sjáanleg áhrif í för með sér gagnvart fjármálafyrirtækjum og viðskiptavinum þeirra?*

Ég tel að ekki verði um neinn verulegan mun að ræða þó eitthvað geti það verið misjafnt gagnvart einstökum aðilum. Fjármálafyrirtæki munu njóta einhvers hagræðis af lægri áhættuvogum s.s. fasteignalánnum og smásölulánnum en á móti mun koma álag vegna rekstraráhættu. Það sem síðan kemur á móti er að stoð 2 gerir ráð fyrir að bætt sé við eiginfjárkröfu vegna annarra áhættuþátta og það er líklegt að það leiði til þess að lágmarks eiginfjárfrafan hækki frá því sem fyrri reglur gerðu ráð fyrir. Það getur þó verið misjafnt milli fjármálafyrirtækja. Líklegt er að sum þeirra, sérstaklega þau stærri, eigi eftir að njóta góðs af breytingunum en þau minni þurfi mögulega heldur meira eigið fé til að standa undir núverandi áhættuþáttum en verið hefur.

Það jákvæða í þessu öllu er að eiginfjárreglurnar munu stuðla að því að einstök fjármálafyrirtæki þurfa að gera sér betur en áður grein fyrir áhættunum og hver sé eðlileg eiginfjárfrafa í því sambandi. Sérstök áhersla er lögð á eftirlit með áhættum innan viðkomandi fjármálafyrirtækja, bæði að þær séu mældar og fylgst sé með þeim og að innri eftirlitsþættir séu með fullnægjandi hætti. Þátttaka og aðild stjórnar fjármálafyrirtækja fær meiri áherslu en áður þannig að stjórnari séu meðvitaðar um áhættunarnar og marki stefnu um áhættutöku og áhættuviðmið. Allt er þetta mjög jákvætt og gerir alla meðvitaðri um tilheyrandi áhættur sem þetta gengur allt útá og að nýta fjármagnið og eigið fé sem best til hagsbóta fyrir alla hagsmunaaðila.

Þessar nýju reglur ganga skrefinu lengra í að verðleggja áhættu rétt og í samræmi við þá áhættu sem viðkomandi viðskiptavinur tengist. Það er sérstaklega það sem snýr að innramatsaðferð sem gengur út á að lánaáhættan sé mæld samkvæmt viðeigandi matskerfi þar sem lántakendur eru láshæfismetnir og flokkaðir í áhættuflokka og að áhættan sem módelin mæla sé verðlögð í samræmi við það. Það getur haft það í för með sér að

það verði meiri munur í álagningu ofan á grunnkjör fyrir verri viðskiptamenn en verið hefur og minni fyrir þá betri. Ekki þarf sérstakt láshæfismat láshæfisfyrirtækja heldur getur slík aðgreining byggst á láshæfismatskerfum fjármálafyrirtækjanna sjálfra. Þessi kerfi hafa verið í þróun og verðlagning tekið jafnt og þétt mið af þeim og því hefur verið um óbeina aðlögun í nokkur ár hjá bönkunum að ræða. Munurinn milli góðra og slæmra viðskiptavina hefur því verið að aukast jafnt og þétt undanfarin ár og ekki þarf að líta mjög langt aftur til að muna eftir því þegar allir viðskiptamenn voru á nánast sömu kjörum. Það hefur því orðið mikil þróun frá því sem þá var og áhættan nú orðin lykillinn að verðlagningu. Hvort þessi munur eigi eftir að aukast enn frekar verður framtíðin síðan að skera úr um.

*Timaritíð Fjárstýring þakkar Ragnari kærlega fyrir greinargott og fróðlegt viðtal. Jafnframt óskar það Ragnari og FME vel-farnaðar í innleiðingu og eftirfylgni þessara nýju reglna.*